

Sp.

329. Tillaga til þingsályktunar

[172. mál]

um könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi þjóðarinnar.

Flm.: Jón Helgason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna hvað stór hluti þjóðarinnar hefur atvinnu af framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu í sambandi við hana, enn fremur hvaða áhrif hugsanlegur samdráttur í búvöruframleiðslu hefði á atvinnulífið og þá sérstaklega á þá miklu möguleika til vaxandi ullar- og skinnaiðnaðar, sem komið hafa í ljós á síðustu árum.

Nú þegar verði gerð um þetta áætlun, sem byggist á þeim gögnum, er fyrir hendi eru, og því verki hraðað svo að sú áætlun liggja fyrir á komandi vori. Síðan verði verkinu haldið áfram með ítarlegri könnun, þannig að traustar heimildir fái um gildi þessa mikilvæga þáttar þjóðarbúskaparins.

G r e i n a r g e r ð .

Í umræðum um þá erfiðleika, sem landbúnaðurinn á nú í við að ná viðunandi verði fyrir allar framleiðsluvörur, hefur hjá mörgum komið fram sú skoðun, að þar sé um að ræða vandamál bænda einna. Bændasamtökin hafa hins vegar bent á að áhrifanna gætir miklu víðar.

Landbúnaðurinn á mestan þátt í að byggð haldist um land allt, og mikil röskun á hag hans hefur því ófyrirsjáanlegar afleiðingar í félags- og byggðamálum. Vinnsla og dreifing búvöru ásamt fjölþættum öðrum þjónustustörfum í þágu landbúnaðarins veita atvinnu miklu fleira fólki en því, sem við framleiðsluna starfar.

Vaxandi útflutningur iðnaðarvöru á síðustu árum byggist að miklu leyti á ullar- og skinnaiðnaði, og er þó talið að enn sé hægt að margfalda þá framleiðslu. Reynt hefur verið að áætla lauslega þann mannafla, sem beint eða óbeint byggir atvinnu sína á landbúnaðinum. En vegna þess, hve marga er þar um að ræða og sérstök könnun hefur ekki farið fram, hefur ekki fengist örugg niðurstaða. Þörfin fyrir að hafa örugga vitneskju um þetta er sérstaklega brýn nú, þegar horfur eru á að bændur neyðist til að draga eitthvað úr búvöruframleiðslu. Er þá mikils virði að ljóst sé, hvaða afleiðingar það geti haft fyrir atvinnulífið í heild og búsetu í landinu. Þá fyrst er hægt að meta til fulls hvað mikið er hér í húfi og hvaða ráðstafanir er hagkvæmt að gera.

Þess vegna er í þessari tillögu skorað á ríkisstjórnina að láta nú þegar semja eins ítarlega áætlun og kostur er með þeim heimildum, sem fyrir liggja, enda þótt nánari könnun þurfi til að afla fyllri upplýsinga. Slíka áætlun er mikils virði að ríkisstjórnin fái sem fyrst, þar sem augljóst er að við vaxandi erfiðleika er að eiga, a. m. k. eins og nú horfir.

Bændasamtökin hafa lagt áherslu á að ráða þurfi fram úr vandanum með margvíslegum aðgerðum, t. d. nýjum framleiðslugreinum og hagræðingu í búrekstrinum. En mikilvægt er, að það liggja ljóst fyrir, hvað þjóðin öll á mikið undir því, að þeirri vörn, sem landbúnaðurinn stendur nú í, verði sem fyrst snúið í öfluga sókn á ný.